



# Sóknaráætlun Vestfjarða 2023

Árleg greinargerð Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga  
um framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Mat á árangri sóknaráætlunar</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Fjárframlög til samningsins</b> .....	<b>5</b>
Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2023.....	5
Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2023.....	5
<b>3. Samráðsvettvangur</b> .....	<b>6</b>
Tafla 3: Skiptan Fulltrúa í samráðsvettvang.....	6
<b>4. Áhersluverkefni</b> .....	<b>7</b>
Áhersluverkefni 2023 .....	7
Tafla 4: Áhersluverkefni 2023.....	7
Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum .....	7
Ungmennalýðræði á Vestfjörðum .....	8
Menntastefna - eftirfylgni .....	8
Úrgangsmál og hringrásarhagkerfið á Vestfjörðum.....	8
Markaðssetning ferðaþjónustu.....	9
Svæðisskipulag Vestfjarða .....	9
Blámi .....	9
<b>5. Uppbyggingarsjóður</b> .....	<b>11</b>
Áherslur ársins 2023.....	11
Fagráð og úthlutunarnefnd.....	12
Úthlutun og styrkir árið 2023 .....	13
Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir/styrki árið 2023 .....	13
Tafla 6: Atvinnugreinaflokkun umsókna.....	16
Tafla 7: Atvinnugreinaflokkun styrkja .....	16
<b>6. Lokaorð</b> .....	<b>17</b>
<b>7. Undirritun og staðfesting</b> .....	<b>18</b>
<b>8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum</b> .....	<b>19</b>

## Inngangur

Ný Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 21. október 2019. Áætlunin var síðan kynnt á 4.Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 25. og 26. október sama ár. Vinnan við gerð Sóknaráætlunar stóð yfir frá vordögum 2019 og var mikil áhersla lögð á víðtækt samráð við íbúa og aðra hagaðila. Ætla má að vel á þriðja hundrað manns hafið komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki.

Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuða að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í þeirri framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Á árinu 2022 var tímabil sóknaráætlunar hálfnað og var þá unnin endurskoðuð áætlun sem hafði gildistíma árin 2023-2024. Áherslur voru endurskoðaðar, nýjar settar inn og aðrar teknar út og unnið samkvæmt endurskoðaðri áætlun á árinu 2023.

## 1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Árið 2023 var upphaf á endurskoðaðri sóknaráætlun og þar með var einnig breytt áherslum varðandi úthlutun styrkja Uppbyggingarsjóðs.

Heildarframlög til Sóknaráætlunar Vestfjarða ásamt viðaukasamningum námu tæpum 120 mkr, þar af 9,9 mkr til áherslu í menningarmál, sem að frádregnum rekstrakostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Í áhersluverkefnum var áframhaldandi stuðningur við markaðssetningu ferðaþjónustu, Bláma orkuverkefni, Ungmennalýðræði og mótun Menntastefnu. Ný áhersluverkefni voru um Ímynd og fjárfestingarmöguleika á Vestfjörðum, Svæðisskipulag Vestfjarða og áhersluverkefni með stuðningi Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytis um Kolefnishlutlausu Vestfirði. Ungmennalýðræði á Vestfjörðum, nýsköpun, atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Nýtt áhersluverkefni var sett af stað um orkuskipti í haftengdri starfsemi ásamt fleirum nýjum verkefnum.

Styrkir Uppbyggingarsjóðs gengu til fjölbreyttra verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar. Fyrirkomulag með starfi tveggja fagraða í menningu og nýsköpun/atvinnuþróun sem meta gæði umsókna fyrir úthlutunarnefnd gekk áfram vel, en með þessum hætti eru umsóknir metnar bæði af fagfólki og aðilum utan svæðis. Niðurstöður fagraða fara síðan til úthlutunarnefndar þar sem nefndin fer yfir umsóknir með umsögnum fagraða til hliðsjónar.

Úthlutunarnefnd vill árétta bókun sem sett var fram hjá nefndinni í úthlutun 2021 en þá samþykkti nefndin eftirfarandi bókun sem á enn við:

*„Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða lýsir áhyggjum af því að fjármagn til Uppbyggingarsjóðs hafi ekki hækkað um margra ára skeið og endurspeglar ekki verðlagshækkunarir og gefi ekki færi á neinni uppbyggingu til dæmis í menningarlífi svæðisins. Takmarkað fé til stofn- og rekstrarstyrkja gefur ekki færi á að nýjar menningarstofnanir, söfn eða sýningar geti orðið til eða að eðlileg þróun geti orðið í menningarlífi svæðisins“ .*

## 2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2023 var kr.108.856.448,- Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 9.900.000,- til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningarmálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa. Framlagið er því utan skiptingar grunnframlags sem kemur frá ráðuneytum.

**Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2023**

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	108,856,448
Viðaukasamningar (Umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti)	10,000,000
Framlög sveitarfélaga	9,900,000
Önnur framlög (umfram úthlutun, bakfærisk 2023)	
Önnur framlög FV	
Flutt frá fyrra ári	1,000,000
Vaxtatekjur	882,210
<b>Samtals</b>	<b>130,638,658</b>

**Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2023**

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	49,500,000
Uppbyggingarsjóður	34,800,000
Stofn- og rekstrarstyrkir	20,350,000
Viðaukasamningar	10,000,000
Umsýsla	11,000,000
Umframúthlutun 2022	4,450,000
Umframúthlutun 2020	200,000
Óráðstafað 2023	338,658
<b>Samtals</b>	<b>130,638,658</b>

### 3. Samráðsvettvangur

Í upphafi lögðu sveitafélögin til aðila til að sitja í samráðsvettvanginum. Sveitarfélögin tilgreindu einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi en sum minni sveitarfélögunna náðu þó ekki því viðmiði. Ýmsar mannbreytingar voru frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi en hópurinn samanstóð af 31 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

**Tafla 3: Skiptan Fulltrúa í samráðsvettvang**

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	7	Strandabyggð		< 25 ára	0	Karlar	10
Menningarlífið	5	Vesturb/Tálkn/Ísafj/Bol/Súðavík		25-39 ára	10	Konur	21
Fræðasamfélag	5	Vesturb/Bolungarv/Súðavík		40-60 ára	20	Annað	
Kjörnir fulltrúar	13	Strandab/Tálknafj		> 60 ára	1		
Félagasamtök	1	Tálknafjörður					
		Strandab/Vesturb/Ísafj/Tálkn					
		Súðavíkurreppur					
		Bol.vík/Reykhólar/Kaldranesh					
		Bolungarvík					
		Ísafjörður					
		Árneshreppur					
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>Samtals</b>	<b>31</b>

Breytingar urðu á samráðsvettvangi á árinu 2022 en það ár var tímabil sóknaráætlunar hálfnað og var miðað við í upphafi að þá færi fram endurskoðun áætlunarinnar. Vinna hófst á árinu við að endurskoða þær áherslur sem eru í Sóknaráætluninni. Sú endurskoðun var unnin með samtölum við hagaðila, á Fjórðungspingi Vestfirðinga og á Ungmennapingi Vestfjarða haustið 2022. Í desember var boðað til fjárfundar hagaðila og farið yfir niðurstöður rýni og að lokum vann vinnuhópur hluta stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu tillögu. Ný endurskoðuð áætlun var birt í byrjun árs 2023.

Góð reynsla er komin á fjárfundafyrirkomulagið og hefur heimsfaraldur kennt mörgum að nýta tæknina betur.

## 4. Áhersluverkefni

### Áhersluverkefni 2023

Áhersluverkefni eru þróunarverkefni, sem unnin eru af starfsmönnum Vestfjarðastofu eða öðrum einstaklingum eða stofnunum á svæðinu sem hafa gert samning við Vestfjarðastofu um verkefni. Verkefni eru fjármögnuð sem hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og skulu áhersluverkefni taka tillit til áherslna og markmiða hennar.

Tafla 4: Áhersluverkefni 2023

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)			Markmið	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals		
Ímynd, uppbygging og fjárfesting á Vestfjörðum	10,000,000	30,000,000	40,000,000	Að kynna fjárfestingarmöguleika á Vestfjörðum ásamt að laða að nýja fjárfesta. Að tengja kynningar við aðgerðir tengdar ímynd samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki. Ýta undi aukna uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, gistingu og afþreyingu í ferðaþjónustu.	2023-2024
Ungmennalýðræði á Vestfjörðum	2,000,000	1,000,000	3,000,000	Að skapa vettvang til að stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku og -þekkingu ungmenna á Vestfjörðum. Í því felst að styðja við ungmennaráð sveitarfélaganna, stuðla að auknu samstarfi ungmenna innan fjórðungsins og að stofnað verði ungmennaráð Vestfjarða sem haldi árlega ungmennafélag Vestfjarða.	2023-2024
Menntastefna fyrir Vestfirðir - eftirfylgni	3,000,000		3,000,000	Að ljúka vinnu og fylgja eftir vinnu við Menntastefnu Vestfjarða.	2023
Úrgangsmál og hringrásarhaagkerfi á Vestfjörðum	5,000,000	5,000,000	10,000,000	Að móta stefnu fyrir Vestfirði um úrgangsmál og hringrásarhaagkerfi. Að unnin verði svæðisáætlun um úrgangsmál á Vestfjörðum	2023
Markaðssetning ferðaþjónustu	10,000,000	10,000,000	20,000,000	Lenging ferðamannatímabilsins á Vestfjörðum. Þróun ferðaleiðar - Vestfjarðaleiðin. Auknar fjárfestingar í ferðaþjónstu á Vestfjörðum.	2023-2024
Svæðisskipulag Vestfjarða	1,756,448	6,843,552	8,600,000	Vinna við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða. Vinna hófst í sept 2023	2023-2026
Blámi	7,500,000		7,500,000	Að efla nýsköpun og þróun á orkuskiptaverkefnum	2021-2023
	39,256,448				

### Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum

Á sama tíma og mikil uppbygging er á Vestfjörðum er opinber orðræða gagnvart helstu atvinnugreinum oft á tíðum mjög neikvæð sem gæti ýtt enn undir neikvæða heildarmynd af landsvæðinu. Mikilvægt er að vekja athygli á helstu eiginleikum þeirrar uppbyggingar í atvinnulífi sem á sér stað og draga fram hvernig nýjar atvinnugreinar í örum vexti sinna samfélagsábyrgð og náttúruvernd í samvinnu við sveitarfélög og íbúa.

Settur verður upp nýr vefhluti InWest á vef Vestfjarðastofu þar sem áhersla er lögð á tækifæri til fjárfestinga á Vestfjörðum. Ítarefni verður unnið til að fylgja eftir verkefnum. Markvisst unnið að því að auka vitund fjárfesta um möguleika á Vestfjörðum og unnið með Íslandsstofu að því að kynna tækifæri á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum. Málþing verður einnig haldið um Uppbyggingu og atvinnulíf á Vestfjörðum. Verkefnið er til tveggja ára.

### **Ungmennalýðræði á Vestfjörðum**

Fyrsta Ungmennanæðingunni var haldið 2022 með frábærum árangri. Þar hófst vinna að því að stofna ungmennaráð. Áfram verður unnið að stofnun ungmennaráð Vestfjarða með skýr tengsl við stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða og starfsmenn Vestfjarðastofu. Ungmennaráðinu yrði falið að undirbúa og skipuleggja næsta ungmennanæðing og funda 4 sinnum á ári um málefni Vestfjarða.

Ungmennaráð Vestfjarða yrði vettvangur þar sem fulltrúar frá öllum svæðum Vestfjarða koma saman og fá tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og er jafnframt vettvangur sem hægt er að leita til til að ná fram sjónarmiðum ungmenna á svæðinu við hina ýmsu stefnumótun og ákvarðanatöku.

Ungmennanæðing er vettvangur þar sem ungt fólk kemur saman og ræðir málefni sem brenna á þeim. Mikilvægt er að ungt fólk fái vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri um þau mál sem á þeim brenna enda hefur sýnt sig að það að fá að taka þátt í lýðræðislegum ferlum er besta leiðin til að auka þátttöku ungmenna.

Niðurstöðum ungmennanæðings verður komið á framfæri með fjölbreyttum hætti bæði til sveitarstjórnarmanna, hins opinbera og almennings og verður jafnframt stuðlað að eflingu samstarfs ungs fólks á Vestfjörðum, bæði innan landshlutans sem og við aðra landshluta. Leitast verður eftir því að styðja við og/eða eiga frumkvæði að samstarfsverkefni sem miðar að þátttöku ungs fólks og sækja í sjóði á sviði æskulýðsmála í því skyni.

Verkefnið er til tveggja ára.

### **Menntastefna - eftirfylgni**

Unnið var að gerð Menntastefnu Vestfjarða árið 2022 og söfnun gagna og greining aðgerða hefur verið unnin. Eftir á að halda lokafundi aðgerðarhóps og móta lokaskref verkefnisins. Að því loknu er hægt að senda Menntastefnu til allra sveitarfélaga til samþykktar og úrvinnslu.

### **Úrgangsmál og hringrásarhagkerfið á Vestfjörðum**

Markmið með verkefninu er að móta stefnu fyrir Vestfirðir um úrgangsmál og hringrásarhagkerfi. Einnig að unnin verði svæðisáætlun um úrgangsmál á Vestfjörðum.

Lögum samkvæmt þurfa sveitarfélög að semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir viðkomandi svæði. Í þeirri áætlun skal gera grein fyrir hvernig sveitarfélögin hyggjast ná markmiðum stefnu umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis í úrgangsmálum. Svæðisáætlun um úrgangsmál er brýnt verkefni fyrir Vestfirði sem leysa þarf hratt og vel á árinu 2023.



## **Markaðssetning ferðabjónustu**

Markaðssetning og kynning Vestfjarða hefur síðustu ár skilað árangri til dæmis í viðurkenningu Lonely Planet fyrir árið 2022 þar sem Vestfirðir voru í efsta sæti yfir áhugaverð svæði til að heimsækja það ár. Halda þarf áfram þeirri vinnu og nýta tækifærin sem slík viðurkenning veitir.

Mikill áhugi er nú á Vestfjörðum sem mikilvægt er að nýta til að hvetja til aukinna fjárfestinga í gistingu og afþreyingu á svæðinu sem verður mikilvæg áhersla næstu tvö árin þar til lokið verður við stór samgönguverkefni sem bæta mjög aðgengi að svæðinu.

Lögð verður áhersla á þátttöku ferðabjónustufyrirtækja í markaðssetningu Vestfjarða og þau í auknum mæli hvött til að taka þátt í sýningum og til aðkomu að ferðum blaðamanna og áhrifavalda um svæðið.

Markaðsstarf erlendis og móttaka blaðamanna verður áfram unnin í samstarfi við Íslandsstofu.

Áfram verður lögð mikil áhersla á samfélagsmiðla og stafrænar lausnir í markaðssetningu svæðisins.

Verkefnið er til tveggja ára

## **Svæðisskipulag Vestfjarða**

Gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði, byggir á ályktun 67. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti, í september 2022, en þar er beint tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta.

Verkefnið er unnið samkvæmt ramma Skipulagslaga 123/2010 og Skipulagsreglugerðar 90/2013. Það hófst 2023 með skipan svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaga sem standa skipulagsgerðinni (Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða) og útboði á vinnu skipulagsráðgjafa.

Með ráðningu skipulagsráðgafa í byrjun árs 2024 verður unnin lýsing svæðisskipulags sem staðfest verður að hálfu sveitarfélaga og hefst þá vinna við gerð skipulagsins sem ætlað er ljúka í apríl 2026, með staðfestingu Skipulagsstofnunar. Fjórðungssamband Vestfirðinga verður verkefnisstjóri og leggur til starfsmann svæðisskipulagsnefndar samkvæmt samningi við Vestfjarðastofu.

Verkefnið er til ársins 2026

## **Blámi**

Um er að ræða samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkubús Vestfjarða. Afurð er stofnun félagsins Bláma en skrifað var undir samstarfssamning þann 15. desember 2020.

Meginmarkmið Bláma er að efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna. Með orkuskiptum er átt við að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði. Markmiðið er að ýta undir orku- og loftslagstengda nýsköpun, efla frumkvöðla og styrkja nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum. Ætlunin með Bláma er að leiða saman aðila sem geta

unnið saman við það að afla alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum. Með nýjum tækifærum og auknu samstarfi á milli fyrirtækja og opinberra aðila er hægt að ýta undir að verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem verðmætasköpun úr vannýttu hráefni er aukin, bæði úr því sem er til staðar og því sem verður til vegna nýrra verkefna eða framleiðslu.

## 5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti á fundi þann 23. september 2022 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2023. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 3. Nóvember 2022, en alls bárust sjóðnum 103 umsóknir upp á 188.365.030 kr.

Stjórn samþykkti einnig á sama fundi breytingar er varðar flokkun í Uppbyggingarsjóð. Í stað þriggja flokka þar sem skipt er upp á milli menningar, atvinnu og nýsköpunar og stofn- og rekstrarstyrki, verði sameinaðir flokkar menningar og atvinnu/ nýsköpun. Með þessu breytist umsóknarferlið þannig að fólk sækir annaðhvort um styrki til verkefna eða stofn- og rekstrarstyrki.

Umsækjendur hafa bent á að erfitt er að velja milli flokka og oft eiga verkefni heima á báðum stöðum. Eins hefur úthlutunarnefnd lent í því sama og þurft að færa verkefni milli flokka eftir að umsækjendur hafa merkt við vitlausan flokk.

Í umsóknargáttinni merkja umsækjendur þó eftir sem áður við hvort um er að ræða nýsköpunarverkefni eða menningarverkefni. Þannig er hægt að keyra út tölfræði í málaflokkunum.

Með þessu verður fjármagn skipt upp í verkefnastyrkir og stofn- og rekstrarstyrkir. Það verður því úthlutunarnefndin sem fær þá það aukið hlutverk að gæta upp á jafnvægi milli atvinnu og nýsköpun og menningar, í stað þess að ramma það inn í upphæðir fyrirfram.

### Áherslur ársins 2023

Lagt er til að áherslur ársins 2023 verði sem hér segir:

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöruþróun og hönnun, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Með nýrri aðferð til úthlutunar voru áherslur ekki flokkaðar eftir atvinnu- og nýsköpunarverkefni og menningarverkefni heldur aðaláherslur fyrir alla.

Við úthlutun var sérstaklega litið til:

- a) Verkefna sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum
- b) Verkefna sem auka hagnýtingu á stafrænni tækni
- c) Verkefni sem stuðla að því að lengja ferðamannatímabilið
- d) Verkefna sem stuðla að vöruþróun, nýsköpun eða innleiðingu hönnunar
- e) Verkefni sem hyggjast sækja um í alþjóðlega samkeppnissjóði
- f) Verkefna sem stuðlar að vexti fjölmenningsamfélagsins á Vestfjörðum

## Fagráð og úthlutunarnefnd

Á 67. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var tillaga varðandi fagráð og úthlutunar lagt fram og eftirfarandi samþykkt. Fagráð meta gæði umsókna og leggja tillögu fyrir úthlutunarnefnd um styrkhæf verkefni, úthlutunarnefnd tekur tillögur fagráða og ákveður styrkfjárhæð.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2023 voru:

### Fagráð menningar

#### Aðalmenn

Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ  
Friðbjörn Steinar Ottósson, Vesturbyggð  
Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir, Reykhólum  
Elísabet Arnardóttir, utan svæðis, formaður

#### Varamenn

Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvík  
Davíð Rúnar Gunnarsson, Vesturbyggð  
Marta Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppur  
Greipur Gíslason, utan svæðis

### Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

#### Aðalmenn

Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Guðlaugur Jónsson, Tálknafjarðarhreppi  
Þorgeir Jónsson, Strandabyggð  
Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður

#### Varamenn

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík  
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð  
Viktoría Rán Ólafsdóttir, Kaldrananeshreppi  
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

### Úthlutunarnefnd

#### Aðalmenn

Kristján Þór Kristjánsson Ísafjarðarbæ, formaður  
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð  
Arnín Óladóttir, Árneshreppi  
Elsa Arnadóttir formaður fagráðs menningar  
Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagráðs nýsköpunar

#### Varamenn

Olga Agata Tabaka, Bolungarvíkurkaupstað  
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi  
Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólum  
Greipur Gíslason, utan svæðis  
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

## Úthlutun og styrkir árið 2023

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef Vestfjarðastofu og með vefborðum á BB.is og Strandir.is

Heildarupphæð til úthlutunar fyrir árið 2023 voru 55.150.000.- kr. Þar af voru búið að ráðstaða til langtímaverkefna, 11.850.000.- kr. Til úthlutunar til nýrra verkefna fyrir árið 2023 var því 43.300.000.- kr.

**Tafla 5: Upplýsingar um umsóknir/styrki árið 2023**

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	103
Heildarfjárhæð sem sótt var um	188,365,030
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	62
Árangurshlutfall umsókna	60.2%
Heildarupphæð styrkja	43,300,000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	18
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	44
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	0

Sjö eldri umsóknir höfðu fengið styrki til fleiri en eins árs en þær eru ekki taldar með styrkjum ársins 2023 hér fyrir ofan. 62 nýjar umsóknir voru samþykktar. Samtals var því samþykkt að veita 69 verkefnum styrk árið 2023 en heildarupphæð úthlutunar fyrir árið 2023 var 55.150.000kr.

Allir sem sóttu um í sjóðinn fengu senda niðurstöðu í tölvupósti þann 15. desember 2022 en fundir úthlutunarnefndar fór fram 17. og 23. nóvember 2022.

### Stofn- og rekstrarstyrkir:

Umsækandi	ár	Styrkupphæð
Sauðfjársetrið á Ströndum - Rekstrarstyrkir	2 ár	1.500.000
Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	2023	1.500.000
Baskasetur Íslands, félagasamtök	2023	1.500.000
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.	2023	1.000.000
Félag um safn Gísla á Uppsölum	2022	1.000.000
Skóbúðin Hversdagssafn	2022	1.000.000
Kol og salt ehf / Artsiceland og Úthverfa	2022	1.000.000
	<b>Alls:</b>	<b>8.500.000</b>

### Verkefnisstyrkir til menningarmála:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu	Edinborgarhúsið ehf	1.500.000
Act alone 2023	Act alone, félagasamtök	1.200.000
The Pigeon International Film Festival	Steingrímur Rúnar Guðmundsson	1.100.000
Endurhönnun á Galdrasýningunni	Strandagaldur ses	900.000
Söngleikur – Samstarfsverkefni LL og TÍ	Litli leikklúbburinn	800.000
Blús milli fjalls og fjöru	Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök	750.000
International Westfjords Piano Festival	Andrew Junglin Yang	700.000
Ullarfléttan - ný sérsýning	Sauðfjársetur á Ströndum ses	700.000
Menningardagsskrá FLAK 2023	Flak ehf.	700.000
The Factory Art Exhibition	Hótel Djúpavík ehf.	700.000
Hádegistónleikar Ísafjarðar	Tónlistarskóli Ísafjarðar	600.000
Í takt við tímann - tækni miðlun á safninu	Sauðfjársetur á Ströndum ses	600.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	600.000
Að beisla eldinn: Síðasti smiðurinn í vélsmiðjunni á Þingeyr	Austan mána ehf.	500.000
Steyptir draumar - líf og list Samúels Jónssonar	Félag um listasafn Samúels	500.000
Lendingarstaður fyrir geimverur - We are in Space	Kol og salt ehf	500.000
Ráðstefna um íslensku sækrimslin	Félag áhugamanna um stofnun skrimslaseturs	500.000
Haukadalsfranska	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	500.000
SeaGirls: Ljósmyndasýning	Catherine Patricia Chambers	500.000
Leiklistarstarf fyrir börn	Halldóra Jónasdóttir	500.000
Minjasafn Egils Ólafssonar í 40 ár - afmælisdagsskrá	Minjasafn Egils Ólafssonar	500.000
Hljóðleiðsögn á Hnjóti	Minjasafn Egils Ólafssonar	400.000
3 F.Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði	Fryderic Chopin Tónlistarfélagið á Íslandi	400.000
Gallerí Úthverfa sýningar 2023	Kol og salt ehf	400.000
Pjötlurnar	Tinna Ottesen	400.000
Skjaldbakan - fræðslustarf Skjaldborgar	Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg	340.000
Menningarhátíð Dunhaga	Dagný Alda Steinsdóttir	300.000
Marketing of workshop series "Write It Out"	Greta Lietuvninkaité-Suscické	300.000
Vetrarljós á Veturnóttum 2023	Kol og salt ehf	250.000
Hinsegindagar sunnanverða Vestfjarða	Eyrún Lind Árnadóttir	200.000
Samkomuhús Súðavíkur - viðburðir í apríl 2023	Elísabet Gunnarsdóttir	150.000
ArtsIceland viðburðir	Kol og salt ehf	150.000
Þjóðbúningur herra, námskeið - Samstarf milli svæða	Friðgerður Guðný Ómarsdóttir	150.000
	<b>Alls:</b>	<b>18.290.000</b>

## Verkefnisstyrkir til atvinnubrúunar- og nýsköpunarmála

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Galdur Brugghús - Auglýsingar og markaðsefni	Aleksandar Kuzmanic	2.250.000
Hvítisandur-sjóböð í Önunarfirði	Runólfur Ágústsson	1.500.000
Seeds of change: Seaweed farming for everyone	Fine Foods Íslandica ehf.	1.500.000
Dropi fyrir börn	True Westfjords ehf.	1.500.000
Rafræn félagsmiðstöð: Öll fá sömu tækifæri	Í skýjunum ehf.	900.000
Vaxtaverkir og vöruþróun	Cycling Westfjords ehf.	800.000
Sjó Sundssaðstaða á Þingeyri	Fasteignafélagið Þingeyri ehf.	760.000
Ilmkerti með vestfirskum ilmum	Fantastic Fjords ehf.	700.000
Þrjár bækur á ensku um íslenska þjóðtrú	Háskóli Íslands	700.000
ArcticFish Midnight Special	Tyler James Wacker	700.000
Þörungarræktun í hringrásarkerfi	Eldey Aqua ehf.	700.000
Frá Landinu - Artisanal home accessories	Ainara Aguilar Del Caz	600.000
Starfandi ferðamenn	Arnar Arinbjarnarson	500.000
Nýjar vörur fyrir gamla verslun.	Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson ehf.	500.000
Co-Living WestFjords	Leiry Yaritza Seron Hernandez	500.000
Hönnun og þróun minjagripalínu	Sauðfjársetur á Ströndum ses	500.000
Vörumessa MÍ	Menntaskólinn á Ísafirði	400.000
Viðskiptaáætlun fyrir vertical farming	Martina Dirr	350.000
Sjálfbærara samfélag með Bokashi	Guðfinna Lára Hávarðardóttir	300.000
Sjóstangveiði á Hólmavík - Vefsíðugerð	ÓBH Útgerð ehf.	300.000
Laupurinn - hús hrafnanna	Ingibjörg Rósa Björnsdóttir	300.000
Námskeið í náttúrustígagerð	Jóhann Birkir Helgason	250.000
	<b>Alls:</b>	<b>16.510.000</b>

**Tafla 6: Atvinnugreinaflokkun umsókna**

Umsóknir	Fjöldi
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónus	4
10 Matvælaframleiðsla	6
35 Rafmagns-, gas- og hitaveitur	1
39 Afmengun og önnur þjónusta við meðhöndlun úrgangs	1
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna	2
58 Útgáfustarfsemi	1
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarps	3
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	1
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókun	15
85 Fræðslustarfsemi	5
90 Skapandi listir og afþreying	37
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	25
93 Íþróttá- og tómstundastarfsemi	2
<b>Samtals</b>	<b>103</b>

**Tafla 7: Atvinnugreinaflokkun styrkja**

Veittir styrkir	Fjöldi
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónus	1
10 Matvælaframleiðsla	3
39 Afmengun og önnur þjónusta við meðhöndlun úrgangs	1
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna	1
58 Útgáfustarfsemi	1
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarps	3
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókun	8
85 Fræðslustarfsemi	4
90 Skapandi listir og afþreying	20
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	19
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	1
<b>Samtals</b>	<b>62</b>



## 6. Lokaorð

Það er brýnt að kynna það öfluga verkfæri sem sóknaráætlanir landshlutanna eru fyrir ráðuneytum og Alþingi. Mikilvægt er að auka þekkingu ráðherra, sérfræðinga ráðuneyta og þingmanna á hugmyndafræði á bak við sóknaráætlanir og gera þeim grein fyrir því að þarna er til þróaður farvegur til að koma fjármagni í vinnu í þágu landshlutanna.

Það verður æ mikilvægara að taka umhverfispáttinn inn í mat verkefna og hefur umhverfisorku og loftslagsráðuneytið brugðist við því. Æskilegt væri að fleiri ráðuneyti myndu nýta þann farveg sem Sóknaráætlun landsvæða hefur náð að móta og þannig ná sameiginlegum markmiðum ríkis og sveitarfélaga með öflugum hætti.

## 7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík, 22. mars 2024

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri

Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri

Skúli Gautason, menningarfulltrúi

## 8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

### Tafla 1. Heildarfjárhæð samnings 2023

*Framlög ríkisins:* Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

*Viðaukasamningar:* Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

*Framlög sveitarfélaga:* Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

*Önnur framlög:* Önnur framlög til samningsins, ef við á.

*Flutt frá fyrra ári:* Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2022 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2023, ef við á.

*Vaxtatekjur:* Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2023 (sbr. ákvæði samningsins).

*Heildarupphæð:* Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

### Tafla 2. Ráðstöfun fjárfamlaga 2023

*Áhersluverkefni:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

*Uppbyggingarsjóður:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

*Stofn- og rekstrarstyrkir:* Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

*Viðaukasamningar:* Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

*Umsýsla:* Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

*Óráðstafað 2023:* Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2023, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

### Tafla 3. Samráðsvettvangur

*Bakgrunnur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

*Búseta fulltrúa:* Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

*Aldur fulltrúa:* Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

*Kyn fulltrúa:* Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

### Tafla 4. Áhersluverkefni

*Heiti verkefnis:* Þarfnast ekki skýringa.

*Framlag úr sóknaráætlun:* Þarfnast ekki skýringa.

*Mótframlag:* Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

*Markmið:* Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

*Tímabil:* Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

### Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

*Fjöldi umsókna:* Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

*Heildarupphæð sem sótt var um:* Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

*Fjöldi styrkja:* Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Árangurshlutfall umsókna:* Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

*Heildarupphæð styrkja:* Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

*Fjöldi verkefna undir 500 þús.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

*Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.:* Þarfnast ekki skýringar.

### **Töflur 6 og 7. Atvinnugreinaflokkun**

Í töflu 6 er annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og í töflu 7 er hins vegar beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum